



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **3** 2011 - 2012

FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA sunnud. 22. jan. 2012. Hófst kl. 14:00.
Fundarstaður: Fundaherbergi ÞFA á Egilsstöðum

Þátttakendur: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Einnig Bj. Hafþór Guðm., verkefnastjóri SSA, sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. AST starfið:
 - a) Staðan / næstu skref.
Enn er m.a. eftir að ganga frá eftirtöldum þáttum / vinna þá frekar:
Vinna endanlegar hugmyndir að stjórnskipulagi f. AST.
Ganga frá fjárhagsáætlun fyrir starfsemina.
Ákveða endanlegt framlag stofnaðila.
Auglýsa eftir framkvæmdastjóra.
Ákveða endanlega tímasetningu á upphafi starfseminnar.
Gert er ráð fyrir að þessi mál skýrist á fundi / fundum framkvæmdanefndar og verkefnisstjórnar fyrir næstu mánaðamót.
 - b) Fjármálaþátturinn.
Fyrir liggur styrkur til að þróa verkefnið áfram, kr. 4 millj. á ári 2012 – 2014.
Framkvæmdaráð SSA lítur svo á að allur kostnaður til fallinn frá og með 1. jan. 2012 verði fjármagnaður með framangreindu fjármagni og samhliða með fjárheimildum skv. samþykktri fjárhagsáætlun fyrir AST.
SSA mun hins vegar greiða af eigin aflafé allan kostnað sem féll til 2011 (sbr. þó lið 1 d)).
 - c) CIME verkefnið. Fyrir lá tp. frá Stefaníu G. Kristinsdóttur, sem aðstoðað hefur SSA við umsóknir um sambærileg verkefni. VOH gerði grein fyrir símtali við hana fyrr þennan dag. Þar kom fram, að ekki hefðu enn borizt svör frá hugsanlegum samstarfsaðilum erlendis og líklega væri of seint að fullvinna umsókn fyrir 2. feb. Hins vegar kæmi til greina að sækja um annað verkefni, í gegnum svonefnt FIERE verkefni.
Ákveðið var að halda því opnu að sækja um í gegnum bæði verkefni og að SSA myndi ábyrgjast greiðslur v/ kostnaðar við umsókn(-ir) með því að nýta sérgreint fjármagn til AST verkefnisins, sbr. lið 1 b).
 - d) Fyrirkomulag greiðslna til fulltrúa SSA í AST verkefninu. Ákveðið hafði verið að hver stofnun fyrir sig greiddi / legði til vinnu fulltrúa sinna í vinnuhóp og starfsnefnd um AST frá og með okt. 2011. SSA mun því greiða fyrir fundi sinna fulltrúa og annan kostnað þeirra vegna með hliðsjón af ákvörðunum um stjórnarlaun haustið 2011. Litið verður svo á að hið sérgreinda fjármagn, sbr. lið 1 b), verði nýtt á þessu ári, m.a. til að kosta akstur og vinnuframlag allra nefndarmanna.

2. S 20 20. Fyrir fundinum lágu nýleg tilskrif og gögn, bæði úr ráðuneyti innanríkismála og forsætisráðuneytinu. Framkvæmdaráð SSA ítrekar vilja til að koma að verkefninu áfram, en lýsir jafnframt vonbrigðum með hve skammt málið hafði þokast í árslok 2011, sbr. svohljóðandi texta úr bréfi Héðins Unnsteinssonar, stefnumótunarsérfræðings hjá forsætisráðuneytinu í sendingu til LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga) fyrir skömmu: *"Í tilraunaútgáfu sóknaráætlana fyrir árið 2012 varð ekki til fjárfestingaráætlun sem stefnt var að. Heldur var öllum 11 verkefnum skipt upp og þau sett inn á fjárlög frá ábyrgðarráðuneytum. Ábyrgðarráðuneytin voru sjö en í tveimur tilfellum eru fleiri en eitt ráðuneyti sem ber ábyrgð á sama verkefni. Þá stöðu sem þetta setur okkur í og mögulega úrlausn hennar viljum við nú reyna skýra"*.
BHG falið í samráði við sveitarstjóra Breiðdalshrepps að tryggja framgang eins af verkefnum 11, sem vitnað er til hér að framan.
3. Frágangur skammtímasamnings milli BHG og SSA staðfestur og undirritaður sbr. bókun stjórnar SSA 12. des. 2011 (liður 4 í tilvitnaðri fundargerð).
4. Undirbúningur næsta stjórnarfundar.
Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði mánud. 6. feb. á Egilsstöðum kl. 12:00.
5. Fundir framundan á vegum SSA. Kynnt lítillaga eftirtalin atriði:
 - a) 25. jan. v/ almenningssamganga.
Á fundinum verður m.a. unnið að samningi við Eyþing um almenningssamgöngur milli Akureyrar og Egilsstaða, en drög að honum liggja fyrir.
 - b) 26. jan. Fundur SASSA með vegamálastjóra á Reyðarfirði. Fundurinn átti að vera 10. jan. en fresta þurfti honum vegna veðurs.
 - c) 27. jan. Fundur í samstarfsnefnd SSA.
M.a. verður farin kynnisferð um HSA / FSN í Neskaupstað og einnig fær nefndin kynningu á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands.
6. Önnur mál.
 - a) Málþing á Akureyri í 10. feb. um eflingu sveitarstjórnarstigsins.
Fulltrúar SSA verða að öllu forfallalaus framkvæmdaráð SSA og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri ÞFA, en hún mun kynna verkefnið „Almenningssamgöngur Austurlandi“ á málþinginu.
 - b) Skatttekjur og ríkisútgjöld í Norðausturkjördæmi.
Um er að ræða samstarfsverkefni milli SSA og Eyþings, en RHA / Jón Þorvaldur Heiðarsson Þóroddur Bjarnason önnuðust úrvinnslu.
Kynning hefur farið fram hjá stjórn Eyþings, en ekki sambærileg á vettvangi SSA. BHG falið að vinna að kynningu hér eystra með það í huga að haldinn yrði sérstakur kynningarfundur fyrir stjórn SSA, sveitarstjórnarfólk á starfssvæði SSA og ýmsa aðra hlutaðeigandi.
 - c) SAGAZ / Árni Emilsson. Varðar hugmyndir um kynningu á landshlutasamtökum og sveitarfélögum í ritinu „Ísland – Atvinnuhættir og menning – 2010“, ásamt þeim sveitarfélögum á starfssvæði SSA, (BGJ/ FLHR / BRD /

DPV) sem ekki munu verða með sérstaka kynningu (en það verða líklega SFK / VPN / FJB / FLH).

BHG falið að vinna að framgangi málsins í samráði við hlutaðeigandi.

- d) Reykjavíkurflugvöllur. Nokkur umræða hefur verið um flugvöllinn í Vatnsmýrinni að undanfögnu, m.a. í framhaldi af málþingi fyrir skömmu.

Framkvæmdaráð SSA sér ástæðu til að áréttta eftirfarandi:

„Ennþá einu sinni dynur yfir landsmenn frétttaflutningur þess efnis að skipulagsyfírvöld Reykjavíkurborgar hyggist láta loka norður-suður braut Reykjavíkurflugvallar árið 2016 eða eftir fjögur ár.

Af því tilefni óskar Samband sveitarfélaga á Austurlandi eftir því að stjórnvöld bregðist nú þegar við til að mæta þessum áformum vegna nauðsynlegrar þjónustu og stjórnsýslu á landsbyggðinni.

Minnt er á að flugmálayfírvöld hafa bent á að flugvöllurinn yrði óstarfhæfur með aðeins einni flugbraut. Jafnframt hefur það komið fram, m.a. á málþingi Háskólans í Reykjavík 19. jan. 2012, að eina raunhæfa lausnin á staðsetningu innanlandsflugsins á suðvestur-horninu, að Reykjavíkurflugvelli frá töldum, sé Keflavíkurflugvöllur. Verði miðstöð innanlandsflugsins flutt til Keflavíkur mun ferðatími verða svo langur og ferðakostnaður það mikill að óásættanlegt væri að sækja opinbera þjónustu með sama hætti og nú er gert til Reykjavíkur.

Það er því óhjákvæmilegt að opinber þjónusta og stjórnsýsla utan höfuðborgarsvæðisins verði efla og í sumum tilfellum byggð upp frá grunni á landsbyggðinni. Nægir þar að nefna heilbrigðismál, menntamál og ýmsa aðra þjónustu á vegum hins opinbera.

Ljóst er að gangi framangreind áform eftir, mun Reykjavíkurborg þar með afsala sér hlutverki sínu sem höfuðborg allra landsmanna.

Þar sem fjögur ár eru skammur tími til undirbúnings fyrir slíkar breytingar vill SSA fara fram á að stjórnvöld hefjist nú þegar handa við undirbúning þeirra breytinga á stjórnsýslu og opinberri þjónustu sem lokun flugvallarins krefst“.

- e) Rætt um ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík 16. jan. s.l. varðandi áætlanagerð innan Byggðastefnu Evrópusambandsins. Hana sótti m.a. framkvæmdaráð SSA. Farið var yfir þá mgl. sem til staðar gætu verið fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra og á hvern hátt nýta ætti fyrirbyggjandi upplýsingar og vinna brautargengi þeim hugmyndum, sem þarna komu m.a. fram.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:05.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.